Segja má að fjórðungsþing teygi sögu sína aftur til 1849 þegar fyrsti Kollabúðarfundurinn var haldinn, fyrir 177 árum síðan.
Eftir 20 ár lögðust þeir af, en ekki löngu seinna hófust þing- og héraðsmálafundir, til dæmis var sá fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu haldinn frá því rétt fyrir aldamót til 1949. Þá voru sveitarfélögin 33 og með stofnun fjórðungsþingsins var hugmyndin að sameina sýslu- og bæjarfélög um menningar- og hagsbótamálefni, og stuðla að því að félögin komi fram sem ein heild út á við, bæði þegar
Af því að það eru svo margir nýir hérna, kemur smá upprifjun.

Fjórðungsþing í núverandi mynd var haldið fyrst í nóvember 1949 á Ísafirði. Þau hafa verið haldin síðan, eitt á ári til 2016 þegar þau urðu tvö. Nú er hugmyndin að þau séu stutt að vori til afgreiðslu á ársreikningum og ýmsu slíku, og svo stærra að hausti.

Á tímabili á sjötta áratugnum var það alltaf haldið á Bjarkalundi, á níunda og tíunda áratugnum alltaf á Ísafirði en svo hist og her. Upp á síðkastið hefur reglan verið, með undantekningum, suðursvæði norðursvæði strandir norðursvæði, fyrir haustþingin, en vorþingin eru jafnan á Ísafirði. Svo bætast við fjórðungsþing í fjarfundi sem eru afgreiðsluþing vegna uppáfallandi mála eða kosninga.

Og í haust var haldinn Kollabúðarfundur þar sem við samþykktum svæðisskipulag sem verið hafði í vinnslu lungann úr síðasta kjörtímabili. Þema þingsins hjá okkur núna er að vinna áfram með skipulagið, taka út úr því forgangsmál til að setja á oddinn, og þar með líka að segja að sumt þurfi að bíða.

Ég hef fengið kveðjur frá Lilju Rafney Magnúsdóttur sem ekki gat verið með okkur. Og Ingibjörg Davíðsdóttir. Þá forfallaðist Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri sambands íslenskra sveitarfélaga með svo skömmum fyrirvara að Almar Guðmundsson formaður gat ekki hlaupið í skarðið. Öll senda þau góðar kveðjur til þingsins.

Hér eru fulltrúar allra sveitarfélaga og vel mætt. Hér eru líka þingmenn kjördæmisins, ráðherra, og starfsmenn Vestfjarðastofu, og starfsfólk á skrifstofum sveitarfélaga eins og skrifstofustjórar og bæjarritarar eftir atvikum. Hér gefst því tækifæri til að kynnast og ræða ýmis mál.

Í víðfeðmu héraði eru þessi tengsl mikilvæg, þó maður geti ekki alltaf sett fingurinn á það í hvert og eitt skipti hvert virðið er, sérstaklega núna þegar sum okkar erum búin að vera bæði á landsþingi og fjármálaráðstefnu. En ég held að það hljóti allir að vera sammála því að það að starfa í sveitarstjórn heilu og hálfu árin án þess að hafa tilefni til að hitta aðra sveitarstjórnarmenn á svæðinu, það væri mjög slæmt.

Formið á þessum fundum er talsvert flókin, og ég held að það skilji það ekki neinn annar en Aðalsteinn Óskarsson.

* * *

Á vettvangi landsmálanna er frá mörgu að segja. Eftir langvarandi hallarekstur ríkisins erum við nú með ríkisstjórn sem vill koma ríkissjóði upp fyrir núllið og þarf auðvitað að gera það með blöndu af tekjuaukningu og aðgerðum á gjaldahliðinni. Ég, eins og allir aðrir, get verið sammála þessu markmiði í orði, en þegar þetta er svo útfært fara leikar að æsast. Vegir, viðhald, vetrarþjónusta, sóknaráætlanir, rekstur menntaskóla, við viljum auðvitað pening í öll okkar góðu verkefni.

Nú er efst á baugi Loftbrúin. Þar háttaði þannig til að útgjöld höfðu ítrekað farið yfir fjárheimildir og eðlilegt er að gera eitthvað í því. Þær breytingar sem lagðar voru til féllu í grýttan jarðveg, og hefur ráðherra nú tilkynnt að þeim verði breytt eitthvað. Við munum nú væntanlega samþykkja ályktun um málið. Lykilatriðið er þetta: loftbrúin sem tekin var upp fyrir um sex árum síðan, hefur rækilega sannað gildi sitt og það er ljóst að ekki verður þolinmæði fyrir niðurskurði á henni.

Svo erum við með orkumálin. Þar hafa mál verið að potast áfram, meðal annars með yfirlýsingum umhverfis- orku og loftslagsráðherra um tvö frumvörp í haust um tengigjöld Hvalárvirkjunar. Ég hef hvatt hann til dáða þar, en vegagerð í hreppnum er enn óleyst mál og þar þarf að hugsa í lausnum og sagt er, því ekki er verkið á samgönguáætlun.

Um vegamál, þá hafa núna um langt skeið tekist á gleðifréttir og leiðindafréttir af vegagerð á sunnaverðum Vestfjörðum. Nú eru vonandi í gangi samningaviðræður við verktaka, en biðin er orðin fremur löng.

Lagareldisfrumvarpið, fjarskiptamál, aukin heitavatnsleit, jarðgangagerð og fleira er svo nefnt í þeim fjölmörgu ályktunum sem liggja fyrir fundinum og verða lagðar hér fram og ég ætla ekki að ræða í ítarlegra máli.

Eitt sem er þó ekki nefnt í ályktununum, en er mér sem bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar hugleikið, er að ríkisstjórnin ætlar að standa við það að fjármagna byggingu verknámshúss á Ísafirði. Það er löngu tímabært og þakkarvert.

Það sem mér finnst hinsvegar hafa verið verra og gegnumgangandi er að stjórnvöld hafa verið gjörn á það um talsvert skeið að gleyma landsbyggðarvinklinum. Um lengri tíma hefur traustið rofnað til þess að sameinaðar stofnanir sinni landsbyggðum, hvort sem það á rétt á sér eða ekki, og það þýðir að þegar einhver minnsta óvissa eða túlkunaratriði koma upp hrekkur fólk í baklás. Og það er því ekki núverandi ríkisstjórn að kenna, óháð því hver hefði komið með þetta, hefði þessi skortur á trausti komið fram. Lausnin er ekki einföld.

Mér skilst að dómsmálaráðherra ætli ekki áfram með hugmyndir um breytta skiptingu þingmanna niður á kjördæmi, en mér fannst sú umræða ansi skrýtin. Ég veit að það hafa verið flokkar sem talað hafa fyrir jöfnun atkvæðavægis, en þegar þetta verður konkret verður kannski fyrst almennilega hægt að ræða málin, því þessi jöfnun virðist byggja á því að vald fólks í landsbyggðarkjördæmum hafi verið of mikið, svo mikið raunar að það hafi jaðrað við mannréttindabrot. Það hefur ekki verið mín upplifun. Og ef við skoðum

búsetudreifingu starfsmanna ráðuneyta, aðstoðarmanna, starfsmanna stefnumarkandi ríkisstofnana, Ríkisútvarpsins og annarra menningarstofnana, þá eru þau á höfuðborgarsvæðinu. Nýlega var gerð breyting á reglum um skipan í stjórnir ríkisfyrirtækja og af einhverjum ástæðum var enginn íbúi á landsbyggðinni fyrir utan í stjórn Orkubús Vestfjarða.

En svo erum við hér með ráðherra, Hönnu Katrínu, sem hefur mátt þola rætnar árásir og ágjöf fyrir að vilja standa með okkur Vestfirðingum í að auka veg umhverfisvæns fiskeldis. Og við erum með Ólaf Adolfsson sem hefur verið óþreytandi í stuðningi, í hreinskiptu samtali. Og María Rut er hér líka sem hefur verið rödd okkar á þingi.

Því við höfum öll mismunandi hlutverk. Okkar hlutverk er að tala máli Vestfirðinga, og það munum við gera áfram. Því það gengur vel á Vestfjörðum, það eru mörg tækifæri til framþróunar í mannlífi og menningu. Hér fyrir utan eru stórvirkar vinnuvélar að leggja hitaveitulagnir. Hér líður mér vel og hér vil ég áfram búa. Og af því sem ég hef kynnst af samskiptum við sveitarstjórnarfólk og það sem ég las í aðdraganda kosninganna þá er þessi ást og eldmóður gegnumgangandi.

En við eigum hér bæði bjarta framtíð og skemmtilega daga framundan.

Gylfi Ólafsson formaður